


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	LÍFS1FN04 Námsáætlun Vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 6		

Neytenda- og fjármálalæsi

Kennari:	Hilmar Friðjónsson, Íris Ragnarsdóttir og Sunna Hlín Jóhannesdóttir	Sk.st.	HIF, ÍRS og SUN
-----------------	---	---------------	-----------------

Áfangalýsing: Í þessum áfanga er fjallað um samband nemandans við umhverfið sem hann býr í; fjölskylduna, vinina, afþreyingarmiðla, samfélagsmiðla, skólafélagana, markaðsöflin og nærsamfélagið. Fjallað er um nemandann í nútímasamfélagi, jafnrétti, hvað ber að varast og hvað þarf til að vera virkur samfélagsþegn.

Í áfanganum er stefnt að því að nemandinn verði meðvitaður um sig sem neytanda, fjármál sín og áhrif á daglegt líf. Með fjölbreyttum kennsluáðferðum s.s. leikjum, umræðum og verkefnavinnu er lögð áhersla á að nemandinn verði læs á fjármála- og neytendaumræðu í samfélaginu.


Markmið áfangans er að gera nemandann sjálfbjarga í nútímasamfélagi og efla gagnrýna hugsun.

Um er að ræða verkefnabundið nám og nemandinn rannsakar viðfangsefni áfangans á gagnrýninn og skapandi hátt.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- neytendahegðun, s.s. mikilvægi fjölskyldu, skóla og vina í félagsmótun
- helstu fjármálahugtökum
- áhrifamætti sínum sem neytanda og sem hluti af samanburðarhópi
- óbeinni markaðssetningu á vörum og þjónustu m.a. í afþreyingarmiðlum
- áhrifum afþreyingarmiðla á sjálfsmynd og kynhegðun ungs fólks

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 6	LÍFS1FN04	Námsáætlun Vorönn 2016


- notkun, gildi og áhrif samfélagsmiðla
- fíknun í ýmsum myndum út frá reynsluheimi unglinga
- einföldum fjármálum daglegs lífs

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun í umræðu um neytendahegðun
- nota samfélagsmiðla í samskiptum innan hóps á ábyrgan máta
- skoða óbeina markaðssetningu í afþreyingarefni og beita þeirri þekkingu í skapandi verkefnum
- halda utan um eigin neyslu og kostnað
- afla sér fjármálatengdra upplýsinga sem nýtast í daglegu lífi
- skoða ólíkar birtingamyndir kynhlutverka í miðlum og samfélagi
- skoða og meta ólíkt gildismat og viðhorf með tilliti til samhengis orsaka og afleiðinga
- lesa auglýsingar og vera meðvitaður um áhrif markaðsvæðingar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- líta gagnrýnum augum á áhrif markaðssetningar og afþreyingamiðla á ungt fólk
- rökræða birtingarmyndir og umræður um unglinga í samfélaginu
- meta hvað er við hæfi og hvað ekki í hegðun, framkomu og tjáningu í daglegu lífi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 6	LÍFS1FN04	Námsáætlun Vorönn 2016

Lota 3:

4. kafli: Áfangar, sigrar og skellir á lífsleiðinni.

5. kafli: Veganesti. Ýmis verkefni í kennslubók. Nemendur skila vinnubók með verkefnum úr Ferð til fjár + neysludagbók 20%.

Lota 4: Fjármálalæsisleikur

Nemendur sjá um fjármál þeirra sem þeir draga úr potti og þurfa svo að taka á þeim þáttum sem koma upp í leiknum (Áfangar, sigrar og skellir á lífsleiðinni). Nemendur kynna svo persónur sínar, heimilisbókhald þeirra og hvað þær hafa gengið í gegnum. Í allri verkefnavinnu er unnið með samfélagsmiðla og aðra tækni á ábyrgan og skapandi hátt. Fjármálalæsisleikur og kynning á niðurstöðum 25%.

Neytendafræði 35% Vika 10 – 16


Ítarefni frá kennara

Lota 1: Neytendafræði/hegðun

Fjallað verður um nemandann sem neytanda, hvers ber að varast? Hvað hefur áhrif á neyslu okkar og kaupákvæðanir? Hvað eru neytendasamtök? Hvaða rétt höfum við? Horfum á myndina Consuming Kids.

Lota 2: Ólíkar birtingamyndir markaðsáreitis

Hér er verið að gera nemandann læsan á það markaðsáreiti sem hann verður fyrir á hverjum degi. Meðal annars verður fjallað um vörupot, duldar auglýsingar og markaðssetningu í afþreyingar- og samfélagsmiðlum. Horft verður á myndina Generation like þar sem fjallar um kynslóð sem Líkar allt, hvernig það er notað í óbeinni markaðssetningu og drauminn um að slá í gegn á Youtube. Nemendur vinna verkefni þar sem þau greina duldar auglýsingar og rökræða afleiðingar þeirra. Nemendur nota samfélagsmiðla til að búa til afþreyingarefni sem inniheldur vörupot. 10%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	LÍFS1FN04 Námsáætlun Vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 6		

- fjalla um birtingarmyndir kynjanna og álitamál þeim tengd frá ólíkum sjónarhornum
- miðla upplýsingum og niðurstöðum með gagnrýninni hugsun og færa rök fyrir skoðunum sínum
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og setja sig í spor annarra
- skilja samhengi tekna og útgjalda
- lesa í fjármálaumræðu og fjármálatilboð
- sýna ábyrgð í fjármálum
- þekkja réttindi og skyldur sem hann hefur þegar komið er út á vinnumarkaðinn

Námsgögn: *Ferð til fjár.* Breki Karlsson. 2010. VR skóli lífsins, ýmsar vefslóðir sem kennari vísar til, fjölrít af ýmsu tagi frá kennara og fl.

Áætlun um yfirferð:

Fjármálalæsi 45%: vika 1 - 9

Kennsluefni: *Ferð til fjár.* Breki Karlsson og samnefndir sjónvarpsþættir + ítarefni frá kennara t.d. *Fjárinn* (fjármála- og neytendafræðsla).


Lota 1:

1. kafli: Hvar stend ég? Nemendur halda neysludagbók. Ýmis verkefni í kennslubók.

Lota 2:

2. kafli: Hvert vil ég fara? Ýmis verkefni í kennslubók.

3. kafli: Hvernig kemst ég þangað? Ýmis verkefni í kennslubók. T.d. setja sér markmið.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	LÍFS1FN04 Námsáætlun Vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 5 af 6		

Lota 3: Kynhlutverk og jafnrétti

Skoðaðar verða steríótýpur og kynhlutverk í afþreyingarmiðlum, tónlistarmyndböndum og í almennri þjóðfélagsumræðu. Berum við virðingu fyrir hvort öðru? Hverjar eru fyrirmyndirnar? eru þær raunverulegar (photoshop)? Erum við fordómafull? Erum fullorðnir með fordóma gagnvart unglíngum (sjálfhverfa kynslóðin)? Horfum á steríótýpumyndband úr Kastljósi og myndina Sexy Baby. Nemendur vinna verkefni þar sem þeir greina og fjalla um kynhlutverk í efni að eigin vali og á formi að eigin vali 10%.

Lota 4: Ábyrg hugsun og hegðun í samskiptum


Hér verður farið inn á skólabraginn, mikilvægi þess að samlagast umhverfinu, að við séum öll jöfn og tökum þátt í að skapa heilbriggt samfélag. Fjallað verður um samskipti á Netinu og hvenær þau eru farin að flokkast undir einelti, hefndarklám á netinu og skoðum saman dæmi sem nemendur finna á netinu og samskiptamiðlum sem flokkast undir óeðlilega hegðun. Eitthvað verður snert á athugasemdakerfinu. Fjallað verður um mikilvægi þess að virða skoðanir og gildismat hvors annars með tilliti til samhengis orsaka og afleiðinga. Verkefni 15%

VR skóli lífsins 10% Vika 17-18

Markmið þess er að undirbúa ungt fólk fyrir vinnumarkaðinn og kynna því réttindi og skyldur í starfi. Skoðuð myndbönd á netinu og verkefni leyst þar sem farið er yfir öll helstu atriði sem brýnt er að hafa í huga á vinnumarkaði. 10%

Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er lögð áhersla á skapandi og fjölbreytta verkefnavinna með símati alla önnina. Verkefni nemenda, jafnt munnleg sem skrifleg, eru metin til einkunnar ásamt verkefnum sem lögð eru fyrir í lok hvers námsþáttar. Áhersla er lögð á eintaklings- og hópamiðað námsmat. Þátttaka í umræðum og virkni (10%) í hópastarfi.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 6 af 6	LÍFS1FN04	
	Námsáætlun Vorönn 2016	

Vinnubók með verkefnum úr Ferð til fjár + neysludagbók	20%
Fjármálalæsisleikur og kynning á niðurstöðum	25%
Vörupotsverkefni	10%
Greining á kynhlutverkum	10%
Verkefni/kennsla	15%
VR skóli lífsins	10%
Virkni (sjálfstæði, kemur sér að verki, iðni)	10%

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning: 5. janúar 2016

Vís Ragnarsdóttir
Sunn H. Jóhanna

Undirritun kennara

Katrin Þarfardóttir

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils